



Forsætisráðuneytið
Skrifstofa jafnréttismála
Lækjargötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. júlí 2019

Tilvísun: 201907-0002

EFNI: Umsögn um verkefnisáætlun vegna heildarendurskoðunar jafnréttislaga.

Alþýðusamband Íslands hefur tekið til umsagnar verkefnisáætlun skrifstofu jafnréttismála um heildarendurskoðun jafnréttislaga 10/2008 sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 28. júní s.l.

ASÍ lýsir yfir ánægju sinni að forsætisráðherra hefur ákveðið að fela skrifstofu jafnréttismála að vinna að heildarendurskoðun jafnréttislaga, sem eru í grunninn frá árinu 2008. Miklar breytingar hafa átt sér stað í íslensku samfélagi og á vinnumarkaði síðasta áratug og því nauðsynlegt að endurskoða jafnréttislögin með þær breytingar í huga.

Samkvæmt verkefnisáætluninni er gert ráð fyrir 4 undirhópum, undir stjórn stýrihóps, og að fulltrúi ASÍ eigi sæti í undirhópi A, sem á að fjalla um launajafnrétti og vinnumarkaðinn. Þekking og reynsla fulltrúa ASÍ mun koma þar að góðum notum.

Undirhópur C, sem meðal annar á að fjalla um hlutverk Jafnréttisráðs, þar er gert ráð fyrir fulltrúa/um Jafnréttisráðs, en ASÍ á fulltrúa í ráðinu. Sambandið bendir á að samkvæmt núgildandi jafnréttislögum þá er hlutverk Jafnréttisráðs mjög vinnumarkaðstengt og því mikilvægt að fulltrúi launafólks eigi sæti í undirhópnum sem fjalla á um breytingar á áherslum ráðsins.

Undirhópur D, sem á að fjalla um bann við mismunun gerir ekki gert ráð fyrir fulltrúa frá ASÍ. Barátta gegn hvers kyns mismunun hefur verið baráttumál Alþýðusambandsins um langt skeið og hefur sambandið komið að allri þeirri vinnu sem unnin hefur verið, í samvinnu við stjórnvöld og aðra aðila vinnumarkaðarins, við innleiðingu mismunatilskipana Evrópu-sambandsins en lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna voru samþykkt á Alþingi 2018. ASÍ telur að þekking og reynsla sambandsins geti nýst undirhóp D og verið honum styrkur. ASÍ leggur því áherslu á að fá fulltrúa í þennan hóp einnig.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Marianna Traustadóttir
Sérfræðingur